

Ed.

571. Frumvarp til laga

[238. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrr en 2 árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Um dráttarvexti fer skv. 3. málsg. 8. gr. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Við 2. málsg. 8. gr. laganna bætist:

Vari refsivist lengur en þrjú mánuði skal óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá fanga meðan afplánun stendur yfir, svo og tvöfaldan þann tíma eftir að henni lýkur, allt að einu ári. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Nánari reglur um þetta má setja með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.